

Ríkissaksóknari

Fyrirmæli

Útgáfudagur:

26. mars 2009

Gildistaka:

1. apríl 2009

RS:4/2009

Kemur í stað RS: 3/2000

Efni: Aðgangur að gögnum sakamála sem er lokið.

1. gr.

Aðgangur sakborninga, brotþola o.fl. sem málið snertir

- Heimila má sakborningi og brotþola aðgang að rannsóknargögnum sakamáls sem er lokið nema sérstök sjónarmið til verndar sakborningi, vitnum eða öðrum aðilum mæli gegn því. Sama gildir um hvern þann sem sýnir fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta.
- Máli er lokið samkvæmt 1. mgr. þegar rannsókn þess hefur verið hætt, það hefur verið fellt niður vegna sönnunarstöðu, fallið hefur verið frá saksókn í því eða dómur gengið.
- Heimild til aðgangs að gögnum máls nær ekki til gagna eða hluta gagna sem geyma viðkvæmar persónuupplýsingar varðandi annan en þann sem óskar að kynna sér gögnin nema viðkomandi sýni fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta. Um takmarkanir á heimild til upplýsinga að öðru leyti gilda ákvæði 4.-8. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 og 16.-17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Aðgangur annarra

- Lögreglu, ákærendum, dómurum og fangelsisvöldum er heimill aðgangur að öllum gögnum máls til notkunar í störfum sínum.
- Heimila má tryggingafélögum og lögmönnum, sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta, aðgang að gögnum máls með takmörkunum samkvæmt 3. mgr. 1. gr. þessara reglna.
- Heimila má ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum aðgang að gögnum máls sem greinilega varðar hlutverk þeirra og eftirlitsskyldu lögum samkvæmt.

3. gr.

Afritun gagna

- Heimila má þeim, sem fær aðgang að gögnum máls samkvæmt þessum reglum, að ljósrita þau eða afrita að því marki sem nauðsynlegt telst til að gæta hagsmuna sinna. Um ljósrit og afrit af gögnum gilda ákvæði 12. gr. upplýsingalaga eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Málsmeðferð

- Beiðni um aðgang að gögnum skal vera skrifleg. Tilgreina skal ástæður þess að óskað er aðgangs að gögnum og í hvaða skyni fyrirhugað er að nota gögn sem óskað er leyfis til að ljósrita eða afrita.
- Lögreglustjóri í því umdæmi þar sem rannsóknargögn eru geymd ákveður hvort orðið skuli við beiðni um aðgang að þeim gögnum.
- Nú synjar lögreglustjóri beiðni vegna þess að hann telur ekki fullnægt skilyrðum samkvæmt reglum þessum og getur þá sá, sem aðgangs hefur beiðst, skotið þeirri ákvörðun til ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun í málinu. Lögreglustjóra ber að kynna þeim, sem hann synjar um aðgang að gögnum eða leyfis til ljósritunar eða afritunar um kæruréttinn.

Valtýr Sigurðsson